



Hvað segja börnin?



Krakkar gera grín að útliti fólks frá ákveðnum löndum í Asíu með því að gera augun sín skáeygð.
Fullorðnir standa hjá og segja ekki neitt.

Hvenær verð ég Íslendingur þegar ég er innflytjandi?



Ég er ljós á hörund og besta vinkona mín er dökk á hörund. Ég á íslenskan pabba og mamma mín er áströlsk. Ég tala bæði íslensku og ensku dagsdaglega. Vinkona mín er íslensk, hún er fædd á Íslandi með íslenska foreldra og á hennar heimili er bara töluð íslenska.
Þegar við förum saman út í búð er enska töluð við hana en íslenska við mig.

